

Ávaxtanektar	Lágmarksmagn síru (g vinsýru í lítra nektar)	Lágmagn ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks (% miðað við þyngd)
III. Úr ávöxtum með neysluhæfum safu.		
Epli	3 ¹⁾	50
Perur	3 ¹⁾	50
Ferskjur	3 ¹⁾	45
Sítrusávextir, fyrir utan sítrónur og súraldin	5	50
Ananas	4	50
Aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	–	50

¹⁾ Á ekki við um ávaxtanektar sem eingöngu er unnin úr ávaxtamauki (þykktu eða ekki) eða ávaxtasafa og ávaxtamauki (þykktu eða ekki).

23. október 1995

Nr. 562

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 289/1994 um leysiefni til notkunar í matvælaíðnaði.

1. gr.

Viðauki reglugerðar nr. 289/1994 breytist á eftirfarandi hátt:
Leysiefninu sýklóhexani er bætt við III. hluta með leyfilegu hámarks magni 1 mg/kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 94/52/EBE um 2. breytingu á tilskipun 88/344/EBE um leysiefni til notkunar í matvælaíðnaði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 23. október 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

23. október 1995

Nr. 563

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2:

- Hámarksgildi varnarefna samkvæmt viðauka þessarar reglugerðar bætast við viðauka 2.
- Undirflokkurinn „Íðnaðarkartöflur,, bætist við flokk 5 „Kartöflur“.
- Eftirfarandi bætist við skýringar við viðauka 2:
 - Samanlögð gildi ísómera
- Hámarksgildi fyrir eftirfarandi efni í kartöflum falla úr gildi:
 - Díallat + tríallat
 - Hexaklórbenzen